

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Eðvaldsson, greiði sekt kr. 80.000,00 í Landhelgissjóð Íslands, og komi varðhald í tvo mánuði til afplánunar sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Upptæk eru til Landhelgissjóðs Íslands öll veiðarfæri m.b. Sigurjóns GK 49, og allur afli veiðiferðar bátsins, er lauk 9. apríl 1985.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jónasar Haraldssonar hdl., kr. 2.500,00.

Miðvikudaginn 18. desember 1985.

Nr. 149/1985. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Haraldi Benediktssyni

(Jón Hjaltason hrl.)

Fiskveiðibrot. Lögvilla. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var með stefnu 31. maí 1985 áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 17. september 1985.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal álitserð Guðjóns Ármanns Eyjólfssonar, skólastjóra Stýrimanna-skólans í Reykjavík, dags. 4. desember 1985, ásamt sjókorti, þar sem skólastjórinn hefur markað staðarákvarðanir áhafnar gæsluflugvélar Landhelgisgæslunnar TF Sýn yfir skuttogaranum Klakki VE 103, hinn 22. apríl 1985. Í álitserð skólastjórans segir m.a. svo:

„Staði gæsluflugvélarinnar yfir togaranum hefi ég merkt I, II og III og voru þeir settir út skv. lórantölum gæsluflugvélar og einnig

eftir breidd og lengd staðanna, sem leiðangursstjóri gaf í skýrslu sinni.

Auk þess voru staðirnir reiknaðir út með prógrammaðri tölvu af gerðinni Commodor 720 hjá Sjósmælingum Íslands.

Niðurstöður þessara athugana voru:

Staður yfir b/v KLAKKI VE 103.

I

Kl. 0620-Togarinn er 1,3 sjómílar innan við mörk bannsvæðis.

II

Kl. 0625- “ “ 1,6 “ “ “ “ “

III

Kl. 0634- “ “ 2,1 “ “ “ “ “

Staður II er í réttvísandi 45° - fjarl. 0,3 sjómílar frá stað I og togstefnan er nærri hornrétt á mörk bannsvæðis með stefnu inn á svæðið.

Toghraði skipsins milli I og II reynist vera 6 sml/klst., en á milli II og III er toghraði 3,5 sml/klst.

Með samanburði á lóranstað flugvélar og annars vegar Geirflugla-skersvita, en hins vegar Stórhöfðavita er leiðrétting á lóranhnitum um það bil ÷ 1,0 til ÷ 1,7 á Z-hnitum, en um það bil ÷ 0,3 til ÷ 1 á Y-hnitum. Við leiðréttingu á lórantölum með þessum skekkjum er togarinn ennþá lengra til norðausturs og innan bannsvæðisins. Lóranlínur fyrir Y-hnit, sem leiðangursstjóri notaði við staðsetningar, hafa einnig verið dregnar í sjúkortið merktar Y47060 og Y47070.

Þar sést greinilega að skurðhorn milli staðarlína (lóranlína Z og Y), sem flugvélin notaði, er lítið eða aðeins 26,5°.

Þrátt fyrir þennan litla skurð staðarlína *má telja staði flugvélarinnar óyggjandi rétta.*

Þessu til staðfestingar er eftirfarandi:

1. Bein stefnulína er á milli I, II og III.
2. Toghraði togarans er mjög eðlilegur.
3. Vitnisburður skipstjórans á b/v Klakki, sem hafði ekkert við staðarákvarðanir leiðangursstjóra flugvélarinnar að athuga

og viðurkenndi að hafa verið á togveiðum á þeim stöðum og tíma er greindi í skýrslu leiðangursstjóra.

Æskilegra er þó vegna hugsanlegra skekkjuvalda á staðarlínu að taka ávallt staðarákvarðanir með línunum, sem skerast eins nálægt réttu horni (90°) og mögulegt er en það var með lóranlínunum W og X, sem skerast undir nær réttu horni.“

Fyrir Hæstarétt hefur og verið lagt fram vottorð Seðlabanka Íslands, dags. 6. desember 1985. Segir þar: „Samkvæmt gullgildi í dag jafngilda 100 gullkrónur 2.058.00 krónur - tvöþúsund og fimmtíu og áttakrónur 00/100.“

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms svo og álitsgerðar Guðjóns Ármanns Eyjólfssonar skólastjóra ber að staðfesta sakarmat héraðsdóms og heimfærslu til refsíákvæða.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 330.000,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 5 mánuði í stað sektar, verði hún eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra skuttogarans Klakks VE 103, þar með taldir dragstrengir, svo og ákvæði um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 20.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Haraldur Benediktsson, greiði 330.000,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 5 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra skuttogarans Klakks VE 103, þar með taldir dragstrengir, svo og ákvæði um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði meiri hlutans að öðru leyti en því, að ég tel refsingu ákærða hæfilega ákveðna 300.000,00 króna sekt til Landhelgisgæslu Íslands, og komi 4 mánaða varðhald í stað sektar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 24. apríl 1985.

I.

Dómkröfur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í gær að afloknum munnlegum málflutningi, er af ákærvaldsins hálfu höfðað með ákæru, dags. 22. apríl sl., á hendur Haraldi Benediktsyni, Höfðavegi 29, Vestmannaeyjum, fæddum 31. október 1944 í Reykjavík, fyrir fiskveiðibrot með því að hafa árla morguns mánudaginn 22. apríl 1985 sem skipstjóri á skuttogaranum Klakki VE 103, skipaskrárnúmer 1472, sem er 488 brúttórúmllestir og 51,83 lengdarmetrar, verið á botnvörpuveiðum á skipinu á Selvogsbanka, á svæði innan fiskveiðilandhelginnar, þar sem allar veiðar með botnvörpu eru bannaðar á tímabilinu frá og með 9. apríl 1985 til og með 15. maí 1985.

Brot ákærða telst varða við 2. mgr. 2. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81, 1976, sbr. 4. gr. reglugerðar um bann við veiðum í mars og apríl og um sérstök línu- og netasvæði út af suðvesturlandi og Faxaflóa nr. 129, 20. mars 1985, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299, 1975, sbr. lög nr. 44, 1948 og lög um breytingar á þeim lögum nr. 45, 1974.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 2. tölulið 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr. nefndra laga nr. 81, 1976, til að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr. sömu laga upptöku á veiðarfærum skipsins, þar með töldum öllum dragstrengjum svo og öllum afla innanborðs, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Skipaður verjandi ákærða, Jón Hjaltason hrl., gerir þær dómkröfur, að ákærði verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins í málinu, en til vara, að refsing verði látin falla niður.

Í báðum tilvikum verði hæfileg málsvarnarlaun hans greidd úr ríkissjóði.

II.

Málavextir.

Upphaf þessa máls má rekja til kæru frá Landhelgisgæslu Íslands, er barst bæjarfógetaembættinu í Vestmannaeyjum 22. apríl sl., svohljóðandi: „Landhelgisgæsluvélin T.F. Sýn stóð b.v. Klakk VE-103 að meintum ólög-

legum togveiðum klukkan 6.22 í morgun á Selvogsbanka svonefndri Tá, en togveiðar eru óheimilar á þessu svæði sem er línu- og netasvæði. Hér með kærir Landhelgisgæslan skipstjórnann á VE-103 Harald Benediktsson, Höfðavegi 29, Vestmannaeyjum, fæddur 31.10. 1944, fyrir meintar ólöglegar togveiðar. Skipið mun koma til Vestmannaeyja um klukkan 14.00 í dag og er þess óskað að þér herra bæjarfógeti gerið nauðsynlegar ráðstafanir við að taka á móti skipinu. Starfsmenn Landhelgisgæslunnar munu koma til Vestmannaeyja um klukkan 14.00 og leggja þá fram skýrslur og sjókort.

Fyrir hönd Landhelgisgæslu Íslands
Jón Magnússon hæstaréttarlögmaður“

Í skýrslu flugdeildar Landhelgisgæslunnar segir ennfremur:
„Hinn 22. apríl 1985, stóð gæsluflugvélin TF-Sýn skuttogarann Klakk VE-103 að meintum ólöglegum togveiðum á Tánni SV- úr Selvogsbanka.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Mánudaginn 22. apríl, var TF-Sýn á eftirlitsflugi yfir Selvogsbanka. Kl. 0622, var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir b/v Klakki VE-103, þar sem skipið togaði með NA-læga stefndu (flugstefna m/v 240°), 63°13'26 N 22°04'41 V. (7970 Y47064,43 Z64081,44).

Gefur þetta stað togarans 1,3 sml. inn á línu og netasvæði sem lokað er fyrir togveiðum frá 9. apríl til 15. maí 1985, samkvæmt reglugerð dagsettri 20. mars 1985.

Kl. 0625, var eftirfarandi staðarákvörðun gerð yfir VE-103, sem hafði NA-læga stefnu (flugstefna m/v 150°): 63°13'53 N 22°03'81 V, (7970 Y47065,14 Z64081,24). Gefur þetta stað togarans 1,6 sml. inn á línu og netasvæðinu.

Kl. 0634 var eftirfarandi staðarákvörðun gerð yfir VE-103, sem enn hafði NA-læga togstefnu, 63°13'95 N 22°03'26 V (7970 Y47065,87 Z64080,35). Gefur þetta stað togarans 2,1 sml. inn á línu og netasvæðinu.

Áður en haft var samband við V-103, var ákveðið að sannprófa Loran-tækin yfir ljósvitunum á Geirfuglaskeri og Stórhöfða.

Kl. 0650 var eftirfarandi Loran staðarákvörðun gerð yfir vitanum á Geirfuglaskeri, (flugstefna á Stórhöfða): 63°18'73 N 20°30'05 V (7970 Y47445,73 Z64196,12). Vitinn á Geirfuglaskeri samkvæmt Sjómannaalmanaki 63°19'0 N 20°29'9 V.

Kl. 0654 var eftirfarandi loran-staðarákvörðun gerð yfir Stórhöfðavita: (NA-læg flugstefna) 63°23'70 N 20°17'48 V (7970 Y47479,67 Z64185,27). Stórhöfðaviti samkvæmt Sjómannaalmanaki 63°24'N 20°17'3 V.

Eftir loran-athugunina yfir Stórhöfða var aftur haldið að Klakk VE-103.

Kl. 0714 var eftirfarandi staðarákvörðun gerð yfir VE-103, sem þá hafði

SSV-læga togstefnu: 63°12'16 N 22°04'58 V (7970 Y47070,98 Z64087,80), sem gefur stað togarans 0,4 sml. inná svæðinu.

Um kl. 0720 var haft samband við Klakk VE-103 á rás 73 VHF og honum tilkynnt að hann hafi verið staðsettur inn á svæði þar sem togveiðar væru bannaðar (talað við stýrimann togarans).

Var þessu svarað af stýrimanni togarans, að gerðar hafi verið breytingar á svæðinu og gæti áhöfn flugvélarinnar fengið upplýsingar um það með því að hafa samband við Sjávarútvegsráðuneytið.

Þessum upplýsingum var komið til Stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar sem svaraði að Landhelgisgæslunni hafi ekki verið tilkynnt um neinar breytingar á netasvæði á Tánni.

Að þessum upplýsingum fengnum og samkvæmt fyrirmælum frá Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar, var togaranum sagt að halda til heimahafnar, þar sem mál hans yrði rannsakað. Þetta móttók skipstjóri togarans, en svaraði að hann teldi sig hafa heimild til að vera á togveiðum á því svæði sem flugvélin mældi togarann, og kvaðst ætla að fá úr því skorið hjá Sjávarútvegsráðuneytinu.

Staðarákvarðanir voru gerðar með ONI-7000 lóran tækjum annarsvegar af stýrimanni og loftskyeitamanni, og hinsvegar af flugmönnum undir umsjá leiðangurstjóra.

Veður: hægviðri, skýjað, lítilsháttar súld á Tánni, en bjart við Vestmannaeyjar. Flughæð TF-Sýn við mælingar 300 fet.“

Ákærði kom tvívegis fyrir dóminn til skýrslutöku. Þá hefur leiðangurstjóri og siglingafræðingur í umræddu eftirlitsflugi staðfest framangreinda skýrslu og framlögd gögn Landhelgisgæslunnar í málinu.

Loks komu hinir dómkvöddu matsmenn fyrir réttinn til að staðfesta matsgerð sína.

Helstu atriði framburða verða nú rakin:

Leiðangurstjórinn, Kristján Þorbergur Jónsson stýrimaður, staðfesti skýrslu sína og kvað hana gerða eftir bestu vitund. Hann sagði, að fjórar staðarákvarðanir hefðu verið gerðar yfir togaranum, eins og fram kæmi í skýrslunni. Vitnið Birgir Þór Jónsson siglingafræðingur hefði síðan sett út stað skipsins inn á sjókortið nr. 31, Dyrhólaey-Snæfellsnes, en vitnið kvaðst síðan hafa yfirfarið það og staðreynt, að staðir skipsins við hverja mælingu væru rétt markaðir inn á sjókortið. Það sagði, að er flogið hefði verið yfir skipið, hefðu veiðarfæri verið í sjó og skipið verið á togveiðum. Enginn fiskur hefði verið á dekki og engir skipverjar þar við störf. Það kvaðst í fyrstu ekki hafa vitað, hvað stýrimaður togarans hafi átt við, er hann sagði, að breytingar hefðu verið gerðar á svæðinu, þar sem engar slíkar breytingar hefðu verið tilkynntar áhöfn gæsluflugvélarinnar. Stýrimaður togarans hafi þá spurt, hvort vitnið vissi ekki, að búið væri að opna

flipa á svæðinu, sem að næði upp eftir „Tánni“ og í norð-vesturhorn á „Frímerkinu“. Það kvaðst nú hafa sagt umræddum stýrimanni, að það myndi láta athuga þetta hjá stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands og í framhaldi af því hafi það svar borist frá stjórnstöðinni, að þetta væri ekki rétt, engar breytingar hefðu verið gerðar, svo þeim væri kunnugt um og í framhaldi af því hafi komið fyrir mæli frá stjórnstöðinni að vísa bæri togaranum til hafnar eins og það hefði greint frá í skýrslu sinni. Vitnið kvaðst nú hafa gefið skipstjóranum á b.v. Klakki fyrir mæli um að halda til hafnar. Skipstjórinn á b.v. Klakki hafi þá sagt vitninu að umræddur flipi afmarkaðist af 63°, 10 N og 22°, 10 V og línan næði þaðan upp eftir „Tánni“ og í hornið á „Frímerkinu“.

Vitnið Birgir Þór Jónsson siglingafræðingur staðfesti, að það hefði markað út staði skipsins inn á sjókortið, en síðan hefði það verið yfirfarið af leiðangursstjóranum ásamt vitninu. Það kvaðst ekkert hafa að athuga við skýrslu leiðangursstjórans um málið og kvaðst telja hana rétta.

Er ákærði Haraldur Benediktsson kom fyrir dóminn, kvaðst hann mót-mæla því að hafa verið á ólöglegum veiðum í umrætt sinn, og kvaðst líta svo á, að hann hafi verið í fullum rétti við veiðarnar. Ákærði sagði, að hann teldi, að breytingar hefðu verið gerðar á svæðinu. Máli sínu til stuðnings lagði ákærði fram í réttinum úrklippu úr Morgunblaðinu og yfirlýsingu, sem ákærði sagði Sverri Gunnlaugsson, skipstjóra á b.v. Bergey VE 544, hafa gefið. Þar kæmi fram, að umræddur skipstjóri hefði þann 2. mars sl. haft samband við sjávarútvegsráðuneytið og fengið þar samband við mann að nafni Stefán, sem tjáð hefði honum að „Haganum“ yrði lokað 9. apríl 1985 með þeirri breytingu að suð-austurhorn hólfsins, sem áður hefði verið tilgreint á 63°10', 0 norðlægrar breiddar og 22°00'0 vestlægrar lengdar, færi í 63°10'0 og 22°10'0 og þaðan upp í mörkin á landhelgislinunni og friðaða hólfinu að vestan. Á ákærða var að skilja, að eftir þessu hefðu togaraskipstjórar farið, þegar hólfinu hafi verið lokað, enda hafi þá skip verið á veiðum við suðurlínu hólfsins, en virt þá línu, sem hafi myndast eftir þessum punktum, enda hafi skipstjórar almennt fagnað því, að fá þetta svæði opnað. Ákærði skýrði mál sitt frekar með því að afmarka á sjókorti það svæði, sem hann taldi, að hefði þannig opnast. Fyrir munnlegan málflutning gerði ákærði enn frekar grein fyrir máli sínu að þessu leyti með því að leggja fram ljósrít úr sjókorti. Virtist ákærði líta svo á, að línu- og netabátar hefðu við framangreinda breytingu fengið ákveðið svæði á svonefndum „Tómasarhaga“ og auðkennt var á ljósríti úr framangreindu sjókorti með rauðbleikum lit, diskj. VII, og með grænum lit það svæði, er ákærði taldi, að opnast hefði fyrir togskipum.

Ákærði kvaðst ekkert hafa við staðarákvarðanir leiðangursstjórans að athuga og viðurkenndi að hafa verið á togveiðum á þeim stöðum og tíma,

er greindi í skýrslu hans. Hann kvað það hins vegar vera venjubundna reglu hjá togaraskipstjórum, þegar tilkynnt væri um breytingar, að hafa samband við sjávarútvegsráðuneytið og fá staðfestingu hjá því. Ákærði kvaðst hins vegar ekki hafa sjálfur haft samband við ráðuneytið í þessu sambandi, enda hafi hann vitað um það samtal, sem fram hafi farið milli Sverris Gunnlaugssonar og starfsmanns í sjávarútvegsráðuneytinu. Ákærði kvaðst vita, að svona breytingar birtust í Stjórnartíðindum, hins vegar ítrekaði hann, að hann teldi það vera jafngilt Stjórnartíðindum þær upplýsingar, sem kæmu frá sjávarútvegsráðuneytinu og það væri sá aðili, sem haft væri samband við. Er gæsluflugvélin hafði afskipti af þeim, kvað ákærði þá hafa verið að enda við ferð, sem skv. dskj. VI, 5 hófst 13. apríl sl.

Yfirlýsing sú, sem ákærði vitnaði til í framburði sínum, dskj. 5, er svolhljóðandi:

„Um borð í Bergey, þann 22.04. 1985.

Þann 02.03. '85 síðastliðinn hafði undirritaður samband við Sjávarútvegsráðuneytið út af lokun svokallaðs Tómasarhaga, fékk ég samband við Stefán, fékk ekki föðurnafn. Tjáði hann mér að haganum yrði lokað 09.05. '85 með þeirri breytingu að SA-endi hólfsins, sem var 63°10'00 - 22°00'00 færi í 63°10'00 - 22°10'00 og þaðan upp í mörkin á landhelgislinunni og friðaða hólfsins að vestan.

Fyrir hönd Sverris Gunnlaugssonar
Vigfús Guðlaugsson.“

Frétt sú, sem birtist í Morgunblaðinu, dskj. 4 er ákærði visar ennfremur til í framburði sínum, er svolhljóðandi:

„Sjávarútvegsráðuneytið:

Reglugerð um stöðvun veiða.

Sjávarútvegsráðuneytið hefur gefið út reglugerð um stöðvun veiða smábáta, bann við þorsketaveiðum um páska og um sérstaka línu- og netaveiði.

Samkvæmt reglugerðinni eru allar veiðar báta minni en 10 brl. aðrar en grásleppuveiðar bannaðar frá og með 27. mars til klukkan 12:00 á hádegi 9. apríl næstkomandi. Þá eru allar þorsketaveiðar bannaðar frá klukkan 22:00 2. apríl til kl. 12:00 á hádegi 9. apríl. Einnig eru togveiðar bannaðar frá og með sama degi til og með 15. maí á eftirgreindum svæðum:

A. Norðan línu sem dregin er réttvísandi 270 frá Stafnesvita í punkt 63°58'3 N, 23°40'5 V og þaðan í eftirgreinda punkta:

1. 64°04'9 N 23°45'0
2. 64°04'9 N 23°42'0
3. 64°20'0 N 23°42'0 og þaðan í 90° réttvísandi.

B. Á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 63°10'0 N 22°10'0 V
2. 63°25'3 N 22°00'0 V
3. 63°33'7 N 23°03'0 V“

Vitnið Vigfús Guðlaugsson, stýrimaður á b.v. Klakki VE 103, sagði að þegar leiðangursstjórinn í umræddu gæsluflugi, vitnið Kristján Jónsson, hafi talað við sig, þá hafi hann bent vitninu á, að skipið væri á ólöglegum togveiðum tvær mílur innan við friðaða svæðið á „Tómasarhaga“, og það hafi svarað, að þetta tiltekna svæði væri opið skv. tilkynningu, sem hefði birst í Morgunblaðinu frá sjávarútvegsráðuneytinu. Kvaðst vitnið hafa beðið leiðangursstjórnann að hafa samband við stjórnstöð Landhelgisgæslunnar og athuga, hvort að þetta tiltekna svæði væri ekki opið. Leiðangursstjórinn hafi síðan aftur haft samband við skipið, og þá kvaðst vitnið hafa ræst skipstjórnann, ákærða Harald Benediktsson. Í framhaldi af því hafi leiðangursstjórinn og ákærði átt samtalið sín á milli.

Vitnið sagði, að ákærði hefði gefið fyrirmæli að veiða á umræddum stöðum, og staðfesti, að b.v. Klakki VE 103, hefði verið á veiðum á þeim stöðum, er gæslumenn tilgreindu í sinni skýrslu. Vitnið upplýsti, hvernig yfirlýsingin, dskj. 5, hefði komist í þess hendur þannig, að skipverjar á b.v. Bergey VE 144, hafi hent út poka og þeir á b.v. Klakki síðan fiskað pokann upp, sem hafi haft að geyma umrædda yfirlýsingu. Þar sem yfirlýsingin hafi verið óundirrituð, kvaðst vitnið að beiðni ákærða hafa ritað undir yfirlýsinguna f.h. Sverris, enda kvaðst vitnið hafa vitað, að yfirlýsingin hafi komið frá Sverri, skipstjóra á b.v. Bergey, og hann óskað eftir því, að ritað yrði undir yfirlýsinguna fyrir sína hönd.

III.

Sjónarmið verjanda við munnlegan málflutning.

Verjandi ákærða studdi dómkröfur sínar þeim rökum, að það hafi verið algjör óvitund skipstjórnans (ákærða), að hann hafi verið að brjóta af sér með því að vera með skip sitt á veiðum á hinum tiltekna stað. Um enga sök sé að ræða hjá ákærða. Hann sé algjörlega í góðri trú, enda hafi hann verið sannfærður um, að hann væri ekki að brjóta lög. Ákærði hafi byggt á frétt eða tilkynningu frá sjávarútvegsráðuneytinu, er birst hafi í Morgun-

blaðinu 27. mars 1985 á bls. 43 í því tiltekna blaði og þar hafi hún fengið að standa fram á þennan dag athugasemdalaust frá því sama ráðuneyti og ennfremur hafi ákærði byggt á ummælum þeim, sem starfsmaður í sjávarútvegsráðuneytinu viðhafði við skipstjórnann á b.v. Bergey VE 544, um heimild til veiða á hinu tiltekna svæði og voru í samræmi við Morgunblaðs-tilkynninguna.

IV.

Niðurstaða

Samkvæmt framansögðu er ljóst, að ákærði viðurkennir að hafa verið með skip sitt á botnvörpuveiðum á þeim stað og tíma, er í ákæru greinir. Hann hefur ennfremur ekkert að athuga við skýrslu leiðangursstjóra gæsluflugvélarinnar TF-Sýn, vitnisins Kristjáns Þ. Jónssonar. Hann telur ennfremur, að allar staðarákvarðanir, sem áhöfn gæsluflugvélarinnar gerði yfir togaranum, séu réttar, og telur, að staður skipsins sé skv. þeim staðarákvörðunum rétt færður inn á sjókort af áhöfn gæsluflugvélarinnar.

Ákærði hefur hins vegar ítrekað lýst því yfir, að hann telji sig hafa verið á löglegum veiðum í umrætt sinn.

Það er álit dómsins, að hvorki hafi umsögn skipstjórans á b.v. Bergey VE 544, né frétt sú, sem birtist í 72. tbl. 72. árg. Morgunblaðsins, er út kom 27. mars sl., gefið ákærða tilefni til að ætla, að hann mætti stunda botnvörpuveiðar á skipi sínu á hinu tilgreinda svæði, en hvorttveggja var í ósamræmi við þá reglugerð sjávarútvegsráðuneytisins nr. 129 frá 20. mars 1985, er birtist í B-12 deild Stjórnartíðinda, er út kom 26. mars 1985 og bannaði botnvörpuveiðar á því sama svæði á tímabilinu frá 9. apríl 1985 til og með 15. maí 1985. Hér verður á það að líta, að ákærða var kunnugt um, að svæði þetta hafði ekki verið opið fyrir botnvörpuveiðum undan- gengin ár á því tímabili, sem hér um ræðir. Ennfremur vissi ákærði, að allar breytingar á fiskveiðiheimildum birtast í Stjórnartíðindum, þar á meðal bann við veiðum á tilteknum svæðum. Það var því forkastanleg óvarkárni af ákærða miðað við þá hagsmuni, sem í húfi voru, að byggja á óljósum yfirlýsingum annarra skipstjórnamanna í þessu sambandi, enda hafði ákærði full tök á því að kynna sér sjálfstætt, hvað rétt var í þessu sambandi.

Samkvæmt þessu verður eigi talið, að refsilækkunarsjónarmið, 3. tl. 74. gr. laga nr. 19/1940 eigi hér við, enda var hér ekki um að ræða afsakanlega vanþekkingu ákærða eða aðra lögvillu (error juris) í skilningi nefnds laga- ákvæðis.

Með því að reglugerð nr. 129/1985 hafði verið birt almenningi með lög- formlegum hætti í B-12 deild þeirra Stjórnartíðinda, sem út kom 26. mars

1985, verður henni beitt í máli þessu, sbr. 2. og 7. gr. laga 64/1943.

Huglægum refsiskilyrðum telst fullnægt í máli þessu, enda hlaut ákærða að vera ljóst, í samræmi við ofanritað, hverjar afleiðingar það hefði í för með sér, ef hann hæfi botnvörpuveiðar á hinu lokaða svæði.

Í samræmi við það, sem hér að framan greinir, þykir nægilega sannað, að ákærði hafi árla morguns mánudaginn 22. apríl 1985 sem skipstjóri á skuttogaranum Klakki VE 103, sem ber skipaskrárnúmerið 1472 og er 488 brúttórúmllestir og 51,83 lengdarmetrar, verið á ólöglegum botnvörpuveiðum á skipinu á Selvogsbanka á bannsvæði, eins og nánar greinir í ákæruskjali rikissaksóknara, en þar er hegðun ákærða nákvæmlega rétt lýst og hún færð til réttra lagaákvæða.

Í vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 22. apríl sl., segir svo: „Samkvæmt gullgildi íslenskrar krónu 22. apríl 1985, jafngilda 100 gullkrónur 1.868,53 krónum, átjánhundruðsextíuogátta 53/100.“

Ákærði, Haraldur Benediktsson er sakhæfur. Hann er fæddur 31. október 1944 í Reykjavík og hefur skv. vottorði frá sakaskrá ríkisins ekki sætt refsingu.

Samkvæmt refsíákvæðum þeim, er í ákæruskjali greinir, og með hliðsjón af stærð skuttogarans Klakks VE 103, og þegar atvik málsins í heild sinni eru virt, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt kr. 280.000,00 til Landhelgisjódís Íslands, og komi varðhald í 9 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Afli og veiðarfæri b.v. Klakks VE 103, voru metin til peningaverðs af dómkvóddum matsmönnum, þeim Hallgrími Júlíussyni netagerðarmeistara og Sigurði Gunnarssyni skipstjóra, og staðfestu þeir mat sitt hér fyrir dómnum og komust að svofelldri niðurstöðu í mati sínu:

Veiðarfæri	kr. 879.010,00
Afli	“ 1.757.109,00
Afli og veiðarfæri samtals	kr. 2.636.119,00

Eins og krafist er í ákæruskjali, ber með vísan til 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 að gera allan framangreindan afla og veiðarfæri, þar með talda dragstrengi, upptæk til Landhelgisjódís Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns Hjaltasonar hrl., kr. 15.000.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari (dómsformaður) kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Einarí Guðmundssyni skipstjóra og Friðríki Ásmundssyni, skólastjóra Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Haraldur Benediktsson, greiði kr. 280.000,00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 9 mánuði.

Öll veiðarfæri b.v. Klakks VE 103, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs skulu vera upptæk gerð til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns Hjaltasonar hrl., kr. 15.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.
